

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun í Víkingaskák.

Stefnt skal að opinberri keppni a. m. k. einu sinni á ári í Víkingaskák.

4.1. Keppt skal í flokkum eftir sömu meginreglum og í venjulegri skák.

4.2. Séu flokkarnir tveir, skal 1. flokkur fá 2 hluta á móti einum til annars flokks.

4.3. Séu flokkarnir þrír, fær 1. flokkur þrjá hluta, 2. flokkur tvo hluta og 3. flokkur einn hlut.

4.4. Þannig heldur skipting áfram eftir sömu reglum eftir fjölda flokkanna. Sömu reglur gilda um innbyrðis skiptingu verðlauna í hverjum flokki.

Fari engin keppni fram eitthvert ár, leggjast allar tekjur sjóðsins við stofnfé.

Fjöldi verðlaunahafa eru ekki takmörk sett umfram það, sem umsjónarmenn keppninnar álíta hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir þrír menn:

Magnús Ólafsson nnr. 6276-4597

Árni Jónsson nnr. 0524-0190

Benjamín Axel Árnason nnr. 1007-4940

Láti einhver framangreindra þriggja manna af störfum í sjóðsstjórninni, sjá hinir tveir um val þriðja manns. Verði stofnað félag um Víkingaskákina skulu félagsmenn kjósa sjóðsstjórn.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. maí, 1984.

Magnús Ólafsson.

Árni Jónsson.

Benjamín Árnason.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld B í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í Skútustaðahreppi eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðahafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágangs gangstéttar. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingakostnaðar á m³ eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,5%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2,0%
Fjölbýlishús	1,5%
Opinberar byggingar	2,5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	1,5%
Önnur hús	1,0%

Af kjöllurum og rishæðum sem ekki eru notaðir til íbúðar svo og bílskúrum skal greiða hálf t gjald.

4. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er verkinu lýkur. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu, eða viðbótarhúsnæði byggt á lóðinni og skal þá miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Í þeim tilvikum setur sveitarstjórn reglur um gjalddaga.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 3. gr. af lóðahöfum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, enda sé eigi liðinn lengri tími en 5 ár síðan það var gert. Í slíkum tilvikum skal miða gjaldið við þá byggingavísitölu, sem í gildi er þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

6. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvarnar greiðast með skuldabréfi með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skulu vera samkvæmt kjörum Bygðasjóðs í samræmi við þau kjör er hann veitir lán á til varanlegrar gatnagerðar.

7. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjald af fasteignum þeirra eigenda sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóm eða örorku að stríða.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka eða hækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign samanber lög nr. 51/1974.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps S-Píngeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðar-gjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.